



Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps
mánudaginn 1. október 2012, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður Herdís Matthíasdóttir og Egill Sigurgeirsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð. Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi boðaði forföll.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. **1201002 - Reykólahöfn 219869, stofnun lóðar.**
Breyttar forsendur.

Gögn höfðu ekki borist fyrir fundinn. Málinu frestað.

2. **1210001 – Seljanes 139667, stofnun sumarhúsalóðar.**

Aðeins liggur fyrir skipulagsuppdráttur, undirrituð umsókn liggur ekki fyrir. Stofnun lóðarinnar er samþykkt með þeim fyrirvara að undirrituð umsókn berist og er byggingafulltrúa falið að afgreiða málið. Samþykkt samhljóða.

3. **1210002 – Króksfjarðarnes 139643, framkvæmdaleyfi vegna malarnáms.**
Umsókn Ólafs Sveinssonar um framkvæmdaleyfi vegna mólunar á 2000 m³ af klæðningarperlu í grjótnámi.

Náman í Króksfjarðarnesi er skilgreind í Aðalskipulagi Reykólahrepps 2006 – 2018 sem framtíðarnáma. Nefndin samþykkir að veita framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðs efnisnáms og vísar endanlegri afgreiðslu til skipulags- og byggingafulltrúa. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

4. **1210003 – Deildará 139547, stofnun sumarhúsalóðar.**
Undirrituð umsókn og uppdráttur frá eigendum Deildarár.

Nefndin samþykkir stofnun lóðarinnar og vísar afgreiðslunni til skipulags- og byggingafulltrúa. Samþykkt samhljóða.

1102005 - Tröllendi deiliskipulagstillaga.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða dagsett 11. september 2012.

Nefndin lýsir sig tilbúna að enduskoða deiliskipulagstillöguna vegna framkominna athugasemda frá heilbrigðisfulltrúa. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12:00
